



**Samfylkingin**

# Ábyrga leiðin

úr atvinnukreppu  
til grænnar framtíðar

Vinna og velferð  
– græn uppbygging um land allt





**Áskoranir okkar daga kalla á pólitískan kjark og skýra framtíðarsýn. Í heimsfaraldri og atvinnuleysi getur almenningur á Íslandi reitt sig á leiðarljós jafnaðarmanna – og hið sama gildir í glímunni við hamfarahlýnun.**

---

**Samfylkingin boðar leið jafnaðarmanna út úr atvinnukreppunni til móts við grænni framtíð.** Sú leið felst í því að fjölga störfum, efla velferð og leggja grunn að nýjum grænum stöðum undir útflutning og verðmætasköpun framtíðar. **Lykilorðin eru vinna, velferð og græn uppbygging um land allt.**

Það er *ábyrga leiðin*. Sú stefna sem birtist í fjárlögum ríkisstjórnarinnar er óábyrg og veik. Nú þarf að stíga fram af meiri festu. Efnahagsáætlun Samfylkingarinnar fyrir árið 2021 er afgerandi, svarar kalli samtímans og markar um leið fyrstu skrefin í átt að grænni framtíðarsýn jafnaðarmanna fyrir Ísland.

**Ábyrga leiðin fjölgar störfum strax, bæði í einkageiranum og hjá hinu opinbera.** Nú eru yfir tuttugu þúsund Íslendingar sem fá ekki vinnu en vilja vinna.

**Áætlun  
Samfylkingarinnar  
skapar fimm til  
sjö þúsund ný störf  
og minnkar þannig  
atvinnuleysi í landinu  
um allt að þriðjung  
á árinu 2021.**

Þetta gerum við með beinum aðgerðum auk atvinnuskapandi skattalækkana fyrir einstaklinga og smærri fyrirtæki. Þá er nauðsynlegt að efla velferð með því að hækka bætur atvinnuleysis- og almannatrygginga og létta undir

með sveitarfélögum í þeirra þröngu stöðu, en hvort tveggja styður við heildareftirspurn í hagkerfinu.

## Ábyrga leiðin felur í sér græna uppbyggingu um land allt.

Þar duga ekki hænuskref. Samfylkingin vill fylgja fordæmi annarra Norðurlanda og koma á fót grænum fjárfestingasjóði sem hefur það fjárhagslega bolmagn sem þarf til að leiða umhverfissvæna umbyltingu atvinnulífs á Íslandi. Þannig getur hið opinbera séð fyrir þolinmóðu fjármagni og tekið höndum saman við einkaaðila um að hraða orkuskiptum og leggja grunninn að nýjum grænum stöðum undir íslenskt hagkerfi. Samhliða þessu er skynsamlegt í yfirstandandi efnahagsþrengingum að stórauka fjárframlög til nýsköpunar, menntamála og skapandi greina. Til að snúa vörn í sókn þurfum við staðfestu, hugmyndaflug og trú á tækifæri Íslands til framtíðar.

Öllum þessum markmiðum má ná með því að fara ábyrgu


leiðina úr atvinnukreppu til grænnar framtíðar sem er lýst nánar í þessum bæklingi. Heildarkostnaður áætlunarinnar nemur rúmum 80 milljörðum króna á árinu 2021 eða um 2,6 prósentum af vergri landsframleiðslu en þegar auknar skatttekjur eru teknar með í reikninginn ásamt lægri útgjöldum til atvinnuleysistrygginga er **nettókostnaður ríkissjóðs um fimmtíu milljarðar króna**. Þessi útgjöld, sem falla að mestu leyti til vegna tímabundinna aðgerða og fela í sér viðbót við þann fjárlagahalla sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar, er þjóðhagslega ábyrgt að fjármagna með skuldsetningu en ekki skattahækkunum.

Ástæðan er sú að nú eru uppi afar óvenjulegar aðstæður í íslensku samfélagi: Á sama tíma og við horfum upp á fjöldaatvinnuleysi og algjöra óvissu um framtíðina, sem hefur lamandi áhrif á fyrirtæki og fjárfestingar í landinu, þá hafa vextir og greiðslubyrði af lánnum ríkissjóðs lækkað.

**Við þessar aðstæður er rétt að hið opinbera stígi fram og**

**fjármagni aukin útgjöld og arðbærar grænar fjárfestingar með skuldsetningu til skemmri tíma** en til lengri tíma með sanngjarnara skattkerfi og aukinni framleiðni í fjölbreyttara hagkerfi sem býr við stöðugri gjaldmiðil og líflegri samkeppni og þar sem þjóðin fær réttmætan arð af auðlindum sínum.

Með jafnaðarstefnuna að vopni mun Samfylkingin veita núverandi ríkisstjórn öflugt aðhald á næstu mánuðum og leggja til raunhæfar lausnir. Haustið 2021 fara fram kosningar til Alþingis og þá verður Samfylkingin tilbúin að taka við stjórnartaumunum og leiða nýja og græna lífsskjarasókn fyrir land og þjóð.



Í fjárlagafrumvarpi og fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar er hvorki gripið til markvissra aðgerða til að fjölga störfum og ná niður atvinnuleysi né er tekið utan um atvinnuleitendur og fjölskyldur þeirra með sanngjarnri hækkun bóta og kraftmiklum vinnumarkaðsúrræðum. Þrátt fyrir að forsætisráðherra tali um „græna byltingu“ styðst Ísland enn við miklu veikari loftslagsmarkmið heldur en framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og önnur Norðurlönd hafa sett sér.

# Vinna og velferð

Leið jafnaðarmanna er ábyrga leiðin út úr atvinnukreppunni

**Fjöldaatvinnuleysi og algjör óvissa í atvinnulífi Íslands kalla á að aðferðum jafnaðarmanna sé beitt af öryggi og festu. Við þekkjum lausnirnar og höldum stefnu okkar stolt á lofti.**

---

**Fyrst af öllu þarf að fjölga störfum með beinum hætti, bæði hjá hinu opinbera og í einkageiranum.** Hvort tveggja er nauðsynlegt – í atvinnukreppu er ekki tími til að karpa um hlutfallslegt vægi opinberrar þjónustu og einkareksturs.

**Nú er lag að ráðast í átak gegn undirmönnun** í íslensku heilbrigðiskerfi, velferðarþjónustu, menntastofnunum og löggæslu en ljóst er að við núverandi aðstæður myndu niðurskurður og uppsagnir hjá ríki og sveitarfélögum dýpka og lengja kreppuna. Beita þarf virkum vinnumarkaðsaðgerðum til að vinna gegn langtímaatvinnuleysi, bæði ráðningarstyrkjum og námstengdum úrræðum, en fleira þarf að koma til.

**Með atvinnuskapandi skattalækkunum fyrir fólk og smærri fyrirtæki vill Samfylkingin auka hvata til vinnu og ráðninga.**

Skilvirk leið til að lækka jaðarskatta launafólks með meðaltekjur og lægri tekjur er að draga úr vinnuleytjandi skerðingum sem leggjast þyngst á barnafjölskyldur og lífeyrisþega. Skynsamlegasta skattalækkunin fyrir fyrirtæki á þessum tímamarki er **tímabundin lækkun tryggingagjalds sem felur í sér að árið 2021 verði tryggingagjaldslaust ár hjá einyrkjum og smáfyrirtækjum og skilar jafnframt snarpri lækkun til lítilla og meðalstórra fyrirtækja.** Slíkar aðgerðir ýta undir fjölgun


starfa, þar sem tryggingagjaldið leggst flatt á alla vinnu, og með því að léttu sérstaklega undir með smærri fyrirtækjum má stuðla að auknu jafnræði á mörkuðum og líflægri samkeppni til hagsbóta fyrir íslenska neytendur í bráð og lengd. **Veirukreppan má ekki verða til þess að smærri fyrirtæki falli unnvörpum á meðan stórfyrirtæki stækka markaðshlutdeild sína og hækka verð í skjóli veikari samkeppni.**

Stóra verkefnið árið 2021 er að fjölga störfum með aðgerðum sem eru nógu stórtækar til að slá á þá miklu óvissu sem nú heldur aftur af fyrirtækjum og fjárfestingum einkaaðila. En það tekur tíma að ná niður atvinnuleysi og ljóst að áfram verða þúsundir án vinnu. Samfylkingin vill styðja betur við þetta fólk, efla velferð og sýna þannig raunverulega samstöðu í verki. **Nú er ekki tíminn til að halda bótum atvinnuleysis- og almannatrygginga í lágmarki. Það má heldur ekki skilja aðþrengd sveitarfélög eftir á köldum klaka eins og ríkisstjórnin ætlar að gera.** Sveitarfélögin hafa takmarkaða tekjumöguleika en bera ábyrgð á mikilvægri velferðarþjónustu í nærsamfélaginu sem þyngist í erfiðu árferði – og

hana þarf að verja en ekki skera niður. Ef ríkisstjórnin skirrist við að léttu skellinn fyrir sveitarfélögin þá bitnar það verst á þeim sem síst skyldi og leiðir til fækkunar starfa sem eykur á vandann. Hvort tveggja, hækkun grunnbóta og stuðningur við sveitarfélög, er vel til þess fallið að örva heildareftirspurn í hagkerfinu.

**Vinna og velferð eru rauður þráður í öllum þeim efnahagsaðgerðum sem Samfylkingin boðar.**

Þær eiga það allar sameiginlegt að fjölga störfum, halda uppi heildareftirspurn og verja þau okkar sem lenda verst í efnahagserfiðleikum vegna veirunnar. Leið jafnaðarmanna er ábyrga leiðin út úr atvinnukreppunni.



# Fjölguð störfum strax



**Samfylkingin vill fjölga störfum strax með beinum hætti, bæði hjá hinu opinbera og í einkageiranum.**

- **Átak gegn undirmönnun í almannapjónustu**

Ráðumst í nauðsynlega fjölguð starfa í menntakerfinu, heilbrigðiskerfinu, löggæslu og velferðarþjónustu í nánu samstarfi við sveitarfélög.

- Þetta gerum við með fimmtán milljarða fjárveitingu ríkisins strax á næsta ári en fyrst er rétt að kortleggja hvar þörfin á fjölguð stöðugilda er mest og hvernig fjármunir nýtast best.

- **Styrkjum ráðningar, ekki uppsagnir**

Sköpum sterkari hvata fyrir fyrirtæki til að ráða fólk af atvinnuleysisþrá í stað þess að borga eigendum þeirra styrki fyrir að segja upp fólk. Sporum gegn langtímaatvinnuleysi með öllum ráðum.

- Skilvirkasta leiðin til þess er að gera Vinnuálastofnun heimilt að greiða atvinnurekanda ráðningarstyrk sem nemur allt að 75 prósentum af grunnavinnuleysisbótum í sex mánuði þegar ráðinn er

## **Fleiri störf – betri þjónusta um land allt**

Allt frá bankahruni hefur undirmönnun verið alvarlegur vandi víða í almannapjónustunni. Stöðugildum hjá ríkinu hefur fækkað um eitt þúsund manns á síðustu tíu árum eða um sex prósent – en á sama tíma hefur Íslendingum fjölgað um fimmtíu þúsund manns svo hlutfallslega hefur fækkun stöðugilda verið enn meiri. Sem dæmi má nefna að nú vantar um 200 sjúkraliða og 400 hjúkrunarfræðinga á heilbrigðisstofnanir en yfir 1000 menntaðir hjúkrunarfræðingar starfa við annað en hjúkrun. Ráðast þarf í markvissar aðgerðir til að stuðla að því að kræftar þessa fólks nýtist í íslenska heilbrigðiskerfinu. Lögregluþjónum þyrfti að fjölga um 200 og starfsfólki í menntakerfinu um að minnsta kosti 300 manns auk þess sem fjölga þarf sálfræðingum og félagsráðgjöfum um allt land.



atvinnuleitandi sem hefur verið á atvinnuleysissskrá í að minnsta kosti þrjá mánuði.

- Hafi atvinnuleitandi verið á atvinnuleysissskrá í meira en sex mánuði verði Vinnumálastofnun heimilt að veita styrk sem nemur 100 prósentum af grunnatvinnuleysisbótum í allt að níu mánuði.

## • Virkar vinnumarkaðs- aðgerðir

- Tryggjum Vinnumálastofnun fjárhagslegt svigrúm til að próa fjölbreytt úrræði og þjónustu sem mætir þörfum atvinnuleitenda.
- Þar byggjum við á gamalreyndum aðgerðum sem áttu ríkan þátt í að draga úr atvinnuleysi eftir hrun: starfsþjálfunarsamningum, ráðningarstyrkjum og náms- tengdum úrræðum af ýmsu tagi.
- Tryggja þarf að áform ríkisstjórnarinnar um niðurlagningu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands raski ekki mikilvægri þjónustu við atvinnuleitendur og stuðningi við frumkvöðlastarf sem stofnunin hefur staðið að í samstarfi við Vinnumálastofnun.
- Skólakerfið, endur- og símenntun og þjónusta við hópa með litla formlega menntun er mikilvæg sem aldrei fyrr í atvinnukreppu. Hverfa þarf strax frá þeirri niður- skurðarstefnu sem ríkisstjórnin

rekur í þessum málaflokki og styðja með myndarlegri hætti við starfsmenntun, framhaldsfræðslu, símenntunarstöðvar, starfsendur- hæfingu og vinnustaðanáám.

- Stór hluti atvinnuleitenda er fólk af erlendum uppruna. Auka þarf framlög til Þróunarsjóðs innflytjendamála til að styðja við virkniúrræði fyrir innflytjendur og stórefla íslenskukennslu fyrir útlendinga.

- Ráðumst í **sérstakt fjárfestingaráttak á Suðurnesjum** til að vinna gegn fjöldaatvinnuleysi á svæðinu.

### Vissir þú að...

...ríkisstjórnin hefur ekki ráðist í neinar beinar aðgerðir til að fjölga störfum en hefur þess í stað greitt eigendum fyrirtækja styrki til að segja upp fólki.

...fjármálaráðherra sagði nýlega á Alþingi að fjölgun opinberra starfa væri „einhver versta hugmynd“ sem hann hefði heyrð.

...með því að vanrækja sveitarfélögin ýtir ríkisstjórnin undir fækkun opinberra starfa sem gerir ekkert nema að auka á vandann.

# Atvinnuskapandi skattalækkunar fyrir einstaklinga og fyrirtæki

Samfylkingin vill auka hvata til vinnu með því að lækka óbeina jaðarskatta launafólks með meðaltekjur og lægri tekjur og draga úr skattbyrði lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Þetta eru skilvirkar og skynsamlegar leiðir til að fjölga störfum hratt og sérstakur stuðningur við smærri fyrirtæki skilar einnig ávinningi til lengri tíma með líflegri samkeppni til hagsbóta fyrir neytendur.

## Smærri fyrirtæki þurfa líka stuðning

Smærri fyrirtæki um land allt eiga nú undir högg að sækja, jafnt í ferðaþjónustu sem öðrum greinum. Ríkisstjórnin hefur ekki rétt smærri fyrirtækjum hjálparhönd í sama mæli og þeim stærri. Þá hafa margar helstu efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna veirukreppunnar misst mörks. Tímabundið afnám tryggingagjalds fyrir einyrkja og smáfyrirtæki auk snarprar lækkunar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki er einfaldasta og besta leiðin til að styðja við atvinnulífið, verja störf og fjölga þeim. Aðgerðin nýtist vel fjölda fyrirtækja í vanda, svo sem í ferðaþjónustu og menningartengdri starfsemi, en þjóðar ekki síður þeim tilgangi að viðhalda líflegri samkeppni í öllum greinum atvinnulífsins.

- **Tryggingagjaldlaust ár 2021 fyrir einyrkja og smáfyrirtæki – snörp lækkun fyrir lítil og meðalstór**
  - Aukum hvata til ráðninga og verjum störf með lækkun tryggingagjalds til að auðvelda atvinnulífinu að standa við lífskjarasamninginn.
  - Með 2 milljónum afslætti af tryggingagjaldi árið 2021 fellum við gjaldið niður fyrir einyrkja og örfyrirtæki, snarlækkum skattbyrði lítilla og meðalstórra fyrirtækja og léttum jafnframt undir með þeim stærri – allt með einfaldri kerfisbreytingu.
- **Lækkum jaðarskatta barnafólks með því að draga úr vinnuletjandi skerðingum**

Barnabætur byrja að skerðast undir lágmarkslaunum og skerðast of hratt, sem leiðir



25 milljarðar  
1500–2000 störf

af sér hærri jaðarskatta barnafólks.


- Stefnum að því að barnabætur skerðist ekki fyrr en við meðaltekjur. Fyrsta skrefið í þá átt er að veita tveimur milljörðum árið 2021 til þess að taka á skerðingum í barnabótakerfinu.
- **Lækkum jaðarskatta lífeyrisþega með því að draga úr vinnuletjandi skerðingum**

Skerðingar í almannatryggingakerfinu eru enn alltof skarpar og vinnuletjandi. Mikilvægt er að almannatryggingakerfið hvetji til virkni en letji ekki með tilheyrandi aukaverkunum. Frítekjumark öryrkja hefur staðið fast í tæplega 110 þúsund krónum á mánuði frá árinu 2010 en væri nær 200 þúsund krónum ef það hefði próast í takt við laun.

- Veitum fjórum milljörðum til þess að hækka frítekjumark vegna atvinnutekna strax árið 2021 og drögum enn frekar úr skerðingum í almannatryggingakerfinu.

### Hvaða áhrif hefur lækkun jaðarskatta?

Jaðarskattur er það hlutfall sem einstaklingur greiðir af næstu krónu sem hann vinnur sér inn í laun. Háir jaðarskattar eru letjandi og alltof háir jaðarskattar geta flækt fólk í fátæktargildru. Þetta er til að mynda raunin í almannatryggingakerfinu. Þar bætast skerðingar bóta ofan á almennan tekjuskatt með þeim afleiðingum að jaðarskattar tiltekinna hópa hafa jafnvel farið yfir 100 prósent, þannig að einstaklingar hafa beinlínis tapað á því að vinna sér inn hærri laun. Brýnt er að hækka frítekjumark vegna atvinnutekna öryrkja strax og draga úr þessum skerðingum. Sama gildir um skerðingar í barnabótakerfinu, sem hækka jaðarskatta barnafólks með meðaltekjur og millitekjur um allt að 8 prósentustig. Barnabætur byrja nú að skerðast undir lágmarkslaunum en ættu að haldast óskertar upp að meðaltekjum.



# Eflum velferð



Efnahagsáætlun Samfylkingarinnar miðar að því að fjölga störfum eins hratt og hægt er við núverandi aðstæður. En það þarf líka að efla velferð og hlaupa undir bagga með þeim þúsundum Íslendinga sem vilja vinna en fá ekki vinnu eða geta ekki unnið. Þannig sýnum við samstöðu í verki og styðjum í leiðinni við heildareftirspurn í hagkerfinu.

Til viðbótar við skarpa lækun skerðinga almannatrygginga og barnabóta vill Samfylkingin hækka grunnbætur atvinnuleysis- og almannatrygginga. Auk þess er brýnt að aðstoða sveitarfélög sem annars neyðast til að skera niður og segja upp fólki eða ráðast í stórtæka skuldasöfnun.

- **Hækkum atvinnuleysis-tryggingar**

Atvinnuleitendur og fjölskyldur þeirra eru sá hópur í samfélaginu sem lendir verst í þeim efnahagsferiðleikum sem nú ganga yfir.

- Hækkum grunnbætur atvinnuleysistrygginga úr 289 þúsund krónum á mánuði fyrir skatt upp í 95 prósent af lágmarkstekjutryggingu (um 318 þúsund krónur).

- Tryggjum stúdentum rétt til atvinnuleysisbóta í námshléum, sköpum þriggja mánaða sumarstörf í samráði við sveitarfélög með góðum fyrirvara og hvetjum til rannsókna og nýsköpunar með 300 milljóna aukaframlagi til Nýsköpunarsjóðs námsmanna.

- **Hækkum grunnbætur almannatrygginga**

Þegar Samfylkingin settist fyrst í ríkisstjórn árið 2007 var strax gengið í að hækka grunnbætur almannatrygginga upp að lágmarkslaunum. Síðan þá hefur dregið verulega í sundur og nú eru bæturnar langt undir bæði lágmarkslaunum og grunnbótum atvinnuleysistrygginga.

- Breytum þessu. Fyrsta skrefið er hækkan á ellilífeyri og örorku- og endurhæfingarlífeyri í samræmi við launapróun til viðbótar við hækkan

fritekjumarks vegna atvinnutekna (sjá kafla um lækkun jaðarskatta líffeyrisþega).

- Endurskoðum 69. gr. laga um almannatryggingar þannig að fjárhæðir þeirra haldi í við raunverulega launaþróun í landinu en ekki áætlun. Þannig er þingfararkaup ákvarðað – og auðvitað eiga sömu reglur að gilda um þróun almannatrygginga.
- **Hindrum uppsagnir og verjum velferð: Bætum sveitarfélögum upp tekjufallið**

Ríkisstjórnir annarra Norðurlanda hafa heitið því að bæta tekjufall sveitarfélaga að fullu. Ríkisstjórn Íslands hefur bætt tekjufall fyrirtækja en vanrækt sveitarfélögin. Ef sveitarfélögin eru skilin eftir þá kallar það annað hvort á uppsagnir og niðurskurð í mikilvægri velferðarþjónustu eða stórfellda skuldasöfnun á lánakjörum sem eru lakari en þau sem standa ríkissjóði til boða.

- Bætum tekjufall sveitarfélaga með blandaðri leið – annars vegar í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og hins vegar með beinum framlögum sem taka mið af tekjufalli útsvars í hverju sveitarfélagi fyrir sig miðað við fyrri áætlanir.
- Tvöföldun stuðnings við sveitarfélög kallar á fimm milljarða viðbótarframlag frá ríkinu árið 2021. Aðgerðir sem bæta nærþjónustu við íbúa sveitarfélaga um allt land

styrkja velferðarkerfið og eru um leið góð byggðastefna.

- **Eflum fjarheilbrigðis-þjónustu og heilbrigðis- og velferðartækni um allt land með 400 milljóna framlagi á næsta ári.**
- Ráðumst í kraftmikið átak í geðheilbrigðismálum og vinnum þarfagreiningu og áætlun um uppbyggingu **nýs geðspítala í Reykjavík.**

#### Vissir þú að...

...þrátt fyrir allt tal um samstöðu hefur ríkisstjórnin haldið grunnbótum atvinnuleysistrygginga í lágmarki. Enginn hópur lendir verr í veirukreppunni en atvinnulausir og fjölskyldur þeirra. Á þetta hefur Samfylkingin ítrekað bent og hækkun atvinnuleysistrygginga hefur verið eitt helsta áherslumál verkalyðshreyfingarinnar.

...tæplega helmingur atvinnulausra á Íslandi í dag er ungt fólk á aldrinum 18 til 35 ára. Ríkisstjórnin hefur sýnt stöðu þessa hóps fullkomið fálæti. Félagsmálaráðherra sagði í viðtali um stöðu námsmanna og kröfur þeirra um atvinnuleysisbætur í námshléum að hann væri á móti því að fólk fengi „fjármagn úr ríkissjóði fyrir að gera ekki neitt“.

...í fjárlögum ríkisstjórnarinnar er fátt um atvinnuskapandi skattalækkanir en þess í stað ráðist í lækkun erfðafjárskatts og fjármagnstekjuskatts. Tryggingagjaldið var lækkað tímabundið um 4 milljarða, en þar er of lítið gert fyrir smærri fyrirtæki.

# Græn atvinnubylting um land allt

Nýsköpun, menning, fjárfestingar og framkvæmdir



22 milljarðar  
1500-2000 störf

Loftslagsváin er stærsta áskorun sem mannkynið hefur staðið frammi fyrir. Framtíð lífs á jörðinni veltur á því að ríki heims taki höndum saman um róttækar breytingar á framleiðslu og lifnaðarháttum. Við Íslendingar erum rík þjóð og búum yfir gnótt endurnýjanlegra auðlinda. Við höfum skyldum að gegna við heimsbyggðina og komandi kynslóðir.

---

Ríkustu 10 prósent heimsbyggðarinnar eru ábyrg fyrir helmingnum af allri losun gróðurhúsalofttegunda en afleiðingar þessarar losunar koma harðast niður á fátækustu þjóðum heims.

**Pannig er baráttan gegn hamfarahlýnun óaðskiljanleg baráttunni gegn ójöfnuði á heimsvísu. Græn jafnaðarstefna, þar sem róttækni, raunsæi og samstaða**

**fara hönd í hönd, er sterkasta mótefnið gegn hvoru tveggja.**

Engin samfélagssátt mun nást um hröð orkuskipti og aðrar breytingar á atvinnu- og lifnaðarháttum nema velferðarsjónarmið séu höfð að leiðarljósi og tryggt sé að kostnaður falli ekki á herðar tekjulægri hópa eða íbúa í dreifðum byggðum umfram aðra.

Losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi er aðeins brotabrot af útblæstrinum á heimsvísu en dæmin sanna að smáríki geta


haft afgerandi áhrif með því að taka frumkvæði, sýna gott fordæmi og berjast fyrir breytingum á alþjóðavettvangi. Til að Ísland megi verða fyrirmynd annarra ríkja í loftslagsmálum þarf að taka miklu stærri skref en sitjandi ríkisstjórn hefur boðað. Setja þarf metnaðarfullri markmið og orðum verða að fylgja markvissari aðgerðir.

Nú þegar heimsfaraldur kórónuveiru hefur leitt af sér framleiðsluslaka og fjöldaatvinnuleysi er brýnt að forgangsraða þeim loftslagsaðgerðum sem hafa örvandi áhrif á eftirspurn og atvinnustig í landinu.

**Við þessar aðstæður er ábyrgt og skynsamlegt að ríkið nýti góð lánakjör og fjárfestingasvigrúm til að ráðast í kraftmiklar aðgerðir sem auka framleiðslugetu þjóðarbúsins til langframa, skapa atvinnu og undirbyggja nýjar og umhverfisvænar útflutningsstoðir.** Núna er tækifærið og við megum engan tíma missa.

Þingflokkur Samfylkingarinnar lagði fram þingsályktunartillögu um grænan samfélagsáttmála á Alþingi þann 15. maí 2019 og 19. október 2019 samþykkti flokksstjórnarfundur Samfylkingarinnar ályktun þar sem krafist er metnaðarfullri markmiða en birtast í aðgerðaáætlun ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur í loftslagsmálum. Samfylkingin mun fylgja þessum vilja flokksmanna eftir á komandi mánuðum og árum og beita sér fyrir því að dregið verði úr losun um að minnsta kosti 55 prósent til loka árs 2030 (miðað við losun 2005) og markmiðið bundið í lög. Slíkt kallar á samstilltar og kraftmiklar loftslagsaðgerðir á öllum sviðum samfélagsins.





Ísland er lítið hagkerfi og við höfum margbrennt okkur á því að setja öll egginn í sömu körfuna. Til að hagkerfið geti staðið undir miklum kaupmætti, háu atvinnustigi og sterku velferðarkerfi þarf að yta undir fjölbreytta samsetningu

atvinnulífs og verðmætasköpunar. Íhaldssemi og hræðsla við breytingar þurfa að víkja fyrir framsýni og sköpunargleði:

**nútímalegri og grænni atvinnustefnu með áherslu á háframléiðnigreinar sem skapa verðmæt og vel launuð störf.**

Að sama skapi er það verkefni stjórnámalamanna að tryggja að framléiðni aukningin sem fylgir tæknibreytingum og aukinni sjálfvirknivæðingu dreifist með sanngjörnum hætti um samfélagið. Þar gegnir jafnaðarstefnan lykilhlutverki.

Nýting endurnýjanlegra orkugjafa hefur skapað Íslandi afgerandi sérstöðu meðal þjóða heims. Við vorum fyrst til að nýta jarðhita til almennrar húshitunar og erum leiðandi í útflutningi þekkingar á sviði jarðvarmanýtingar

Samkvæmt rannsókn sem unnin var af hópi hagfræðinga fyrir Oxford Smith School of Enterprise and the Environment í maí 2020 og byggir á viðtölum við á þriðja hundrað sérfræðinga og stjórnenda í fjármálaráðuneytum og seðlabönkum víða um heim, eru fjárfestingar í grænni nýsköpun og þróun og uppbygging innviða og flutnings- og dreifikerfa fyrir endurnýjanlega orku á meðal þeirra efnahagslegu örvunaraðgerða sem almennt eru taldar hafa mikil margfeldnisáhrif og eru þannig ákjósanlegar á krepputímum þegar framléiðsluþættir liggja ónýttir og fjárfestingar í einkageiranum eru við frostmark.



og jarðhitarannsóknna.

Auðlindagarðurinn sem byggður hefur verið upp á Reykjanesskaga, þar sem afgangsstraumar úr orkuverum nýtast til fjölbreyttrar atvinnu- og verðmætasköpunar, er skólabókardæmi um tækifærin sem felast í sjálfbærri þróun. Undanfarin ár hafa íslensk fyrirtæki og vísindamenn þróað byltingarkenndar tæknilausnir í loftslagsmálum sem vakið hafa heimsathygli. Þannig er Helligsheiði í dag eini staðurinn í heiminum þar sem koltvíoxíð úr andrúmslofti er fangað og fargað, en alþjóðleg eftirspurn eftir kolefnisförgunartækni gæti aukist umtalsvert á næstu árum vegna Parísarsáttmálsans.

Markaðsöflin munu ekki leysa loftslagsvandann upp á eigin spýtur. Þetta gildir jafnt um aðgerðir til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda og aðgerðir til að binda og farga kolefni. Til að Ísland geti dregið með markvissum hætti úr losun gróðurhúsalofttegunda og nýtt sóknarfærin sem felast í sjálfbærri þróun og grænni uppbyggingu þarf hið opinbera að taka frumkvæði og vísa veginn.

- Stofnum **grænan fjárfestingasjóð** í eigu hins opinbera sem styður við uppbyggingu loftslagsvænnar atvinnustarfsemi og græns hátækniidnaðar.
  - Ríkið leggi sjóðnum til **5 milljarða í hlutafé** og grunnrekstur sjóðsins verði á fjárlögum þar sem miðað verði við 2 prósent af meðalstöðu eigna líkt og víða tíðkast sem viðmið í fjármögnun á rekstri framtakssjóða.
  - Sjóðurinn leiti eftir samstarfi við einkafjárfesta, **taki mið af aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum og stefnu Vísinda- og tækniráðs í allri sinni starfsemi** og ýti undir góða stjórnarhætti í félögum sem hann fjárfestir í.
  - Umhverfisiráðherra skipi í stjórn sjóðsins, meðal annars eftir tilnefningu náttúruverndarsamtaka, samtaka launafólks og samtaka atvinnurekenda.
- **Endurskoðum aðgerðaáætlun í loftslagsmálum** þannig að stefnt verði að 55 prósentu samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2030 og markmiðið bundið í lög. Skerpum á **sjálfstæði og aðhaldshlutverki loftslagsráðs** og eflum

## Vissir þú að...

...stór hluti af efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna veirukreppunnar hefur geigað og ekki skilað sér út í hagkerfið. Helstu undantekningarnar frá því eru endurnýting á kreppuúrræðum sem gripið var til eftir bankahrunið, svo sem Allir vinna og hlutabótaleiðin.

...þrátt fyrir margboðað fjárfestingaráttak ríkisstjórnarinnar sýna þjóðhagsreikningar að opinber fjárfesting dróst saman um 14 prósent á fyrri hluta árs 2020. Samdráttur í opinberri fjárfestingu gerir illt verra á krepputímum.

...þrátt fyrir fögur orð forsætisráðherra um „græna byltingu“, „græna umbreytingu“ og „græna viðspyrnu“ þá nema framlög Íslenska ríkisins til loftslagsaðgerða minna en 1 prósent af vergri landsframleiðslu árið 2021 og útgjöld til umhverfismála aukast um innan við 0,1 prósent milli ára.

stjórnsýslu loftslagsmála með miðlægi **ráðuneytisskrifstofu** sem hefur fjárstyrk og mannafla til að sinna nauðsynlegri greiningarvinnu, samhæfingu verkefna og eftirfylgni.

- Skipum starfshóp um **skipulega uppbyggingu iðngarða á Íslandi** og breytingar á lögum, regluverki og leyfiskerfum til að liðka fyrir slíkri starfsemi. Með iðngörðum

má fjölnýta auðlindastrauma, hámarka virði hreinnar orku og ýta undir fjölbreytta starfsemi þar sem fyrirtæki nýta framleiðslu og affallsefni hvert annars, svo sem í **matvælaíðnaði, lífrænni eldsneytisframleiðslu, líftækni og garðyrkju.**


- Eflum **Tækniþróunarsjóð svo framlög ríkisins til hans nemi fimm milljörðum á næsta ári.** Samhliða verði ráðist í heildstæða greiningu á því hvernig bæta megi regluverk og nýta skattalega hvata til að treysta samkeppnishæfni Íslands á sviði **nýsköpunar, rannsóknar og þróunar** og tryggja **hugverka- og hátækniíðnaði** hagfældari rekstrarskilyrði.
- Aukum framlög til Stuðnings-Kríu um **400 milljónir** svo hækka megi móttframlagslán til lífvænlegra nýsköpunar- og sprotafyrirtækja sem glíma við rekstrarvanda.
- Aukum framlög í **Rannsóknasjóð og Innviðasjóð** um samtals **800 milljónir.**

- Ráðumst strax í markvissar aðgerðir til að **hraða orkuskiptum**:
  - Lýsum því yfir að óheimilt verði, að meginreglu, að nýskrá bensín- og dísilbíla á Íslandi frá og með árinu 2025, styðjum við **uppbyggingu rafhleðslustöðva og annarra nauðsynlegra innviða til samræmis við breytta samsetningu bílaflorens** og tryggjum að hleðslustöðvar verði aðgengilegar við allar bensínstöðvar fyrir árið 2023.
  - **Eflum flutnings- og dreifikerfi rafmagns** svo kerfið standi undir auknu álagi, meðal annars vegna rafvæðingar hafna.
  - Aukum framlög til Orkusjóðs um 200 milljónir til að styðja við **kaup á vistvænum tækjum**, bæði vegna iðnaðar og samgangna á landi og í skipum og haftengdri starfsemi.
- Eflum almenningssamgöngur um land allt:
  - **Flýtum framkvæmdum vegna Borgarlínu** og leggjum aukna fjármuni til uppbyggingar stofnleiða fyrir hjólreiðar á höfuðborgarsvæðinu með 1,5 milljarða framlagi strax á næsta ári.
  - Felum nýju félagi um fjármögnun samgönguf framkvæmda, Betri samgöngum ohf., að undirbúa flýtingu þeirra framkvæmda í samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins sem vega þyngst með tilliti til loftslagsmarkmiða.
- Styðjum við **landsbyggðarstrætó** og gerum auðveldara og ákjósanlegra að ferðast milli landshluta með strætisvagni.
- Ráðumst í **skógræktaráttak** og aukum framlög til málaflöksins um 600 milljónir á næsta ári. Skógrækt er mikilvæg til kolefnisbindingar, skapar atvinnu og hefur jákvæð áhrif á vistkerfi og samfélag.
- Tryggjum sveitarfélögum fulla endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna **fráveituf framkvæmda**.
- Stofnum **Umhverfis- og garðyrkjuskóla** með starfssnámi á framhaldsskólastigi að Reykjum í Ölfusi og **styðjum með markvissum hætti við garðyrkju, grænmetisframleiðslu og nýsköpun í matvælaframleiðslu**.
- **Hækkum endurgreiðslur til framleiðenda kvikmynda og sjónvarpsefnis** úr 25 prósentum í 35 prósent af framleiðslukostnaði sem fellur til á Íslandi, **eflum Kvikmyndasjóð** og ráðumst í markvissar

aðgerðir til að gera Ísland að ákjósanlegum stað til fullvinnslu kvikmynda.

- **Aukum framlög til launa-sjóða listamanna um 1200 milljónir á næsta ári og föllum frá aðhaldskröfum á menningarstofnanir** til að bæta þeim upp hluta tekjutaps vegna samkomubanns. Hugum sérstaklega að **sviðslistafólki** sem hefur lent milli skips og bryggju.
- Styðjum við nauðsynlegt viðhald á byggingum opinberra stofnana um allt land og ráðumst í samgöngubætur sem eru tilbúnar til framkvæmdar.
- **Skilgreinum Akureyri sem borg**, semjum við sveitarfélagið um réttindi þess og skyldur og styðjum við mikilvæga innviði, sjúkrahús, háskóla, samgöngur og menningarstofnanir.
- Aukum aðgengi að **tæknifræðinámi utan höfuðborgarsvæðisins** og styðjum við uppbyggingu háskólaútibús á Austurlandi.

- Eflum byggða- og samfélagsþróun með **800 milljóna aukaframlagi til sóknaráætlana landshluta.**



# Ábyrga leiðin borgar sig

Hagræn áhrif, fjármögnun og fjölgun starfa

---

Þegar allt er tekið saman er ábyrga leiðin ódýrari en leið ríkisstjórnarinnar. Ástæðan er sú að í fjárlögum og fjármálaáætlun stjórnarinnar birtist engin áætlun um hvernig koma megi hagvexti aftur í gang, draga úr atvinnuleysi og slá á þá miklu óvissu sem nú heldur aftur af fyrirtækjum og fjárfestingum. Staðreyndin er sú að fjöldaatvinnuleysi er sóun sem við höfum ekki efni á og algjör óvissa fyrir fólk og fyrirtæki er gríðarlega kostnaðarsöm. Vextir hafa hins vegar lækkað hratt sem gerir það að verkum að fjármögnun ríkissjóðs er ódýr um þessar mundir. Í ljósi framleiðslulakans í hagkerfinu eru jafnframt margföldunaráhrif opinberra fjárfestinga og samneyslu umtalsvert meiri en undir venjulegum kringumstæðum. Öll umræða um hagræn áhrif þeirra aðgerða sem hér eru lagðar til þarf að taka mið af þessum veruleika.

Efnahagsáætlun Samfylkingarinnar byggir á því að hið opinbera stígi fram, nú þegar einkaaðilar

halda að sér höndum, og ráðist af krafti gegn atvinnuleysi og óvissu. Til skamms tíma birtast þessar aðgerðir í bókhaldi ríkissjóðs sem aukin útgjöld upp á rúmlega 80 milljarða króna: þar af fara 18 milljarðar í beina fjölgun starfa, 25 milljarðar í atvinnuskapandi skattalækkanir fyrir einstaklinga og fyrirtæki, 17 milljarðar í að efla velferð og 22 milljarðar í græna atvinnubyltingu um allt land auk flýtingar fjárfestinga og framkvæmda. Þetta felur í sér að halli ríkissjóðs eykst um 2,6 prósent af vergri landsframleiðslu (VLF), úr 8,6 prósentum upp í 11,2 prósent, ef fjárlagafrumvarp og ríkisfjármálaaðgerðir ríkisstjórnarinnar standa að öðru leyti óhaggaðar. Á móti kemur hins vegar hækkun skatttekna vegna aukinna umsvifa og lægri útgjöld til atvinnuleysistrygginga, svo gera má ráð fyrir að nettócostnaður ríkissjóðs af aðgerðunum verði nær 50 milljörðum króna á árinu eða um 1,6 prósent af VLF, að mestu vegna tímabundinna útgjalda.

Stór hluti þess fjárlagahalla sem boðaður er á næsta ári kemur til vegna sjálfvirkra sveiflujafnara (svo sem lægri skatttekna vegna minni efnahagssumsvifa og aukinna útgjalda til atvinnuleysistrygginga) en ekki vegna beinna aðgerða ríkisstjórnarinnar til að taka á efnahagsvandnum og halda uppi heildareftirspurn. Ríkisstjórnin skilar auðu í atvinnumálum og gerir ekki ráð fyrir að atvinnuleysi minnki um meira en 1 prósentustig á árinu 2021. Þá er aukið á óvissuna með því að boða niðurskurð á næsta kjörtímabili. Þetta er metnaðarlaus og óábyrg efnahagsstefna.

Gróflega metið má áætla að leið Samfylkingarinnar út úr atvinnukreppunni myndi fjölga störfum um fimm til sjö þúsund strax á næsta ári. Þar munar mestu um beina fjölgun starfa, atvinnuskapandi skattalækkunar fyrir einstaklinga og fyrirtæki og grænt uppbyggingaráttak um allt land. Áætlað er að þessar aðgerðir skapi allt að fjögur þúsund störf en þess utan er stuðst við varfærið mat á óbeinni fjölgun starfa vegna aukinnar heildareftirspurnar í hagkerfinu. Það er skynsamlegt að fjármagna aukin útgjöld ársins 2021 með skuldsetningu fremur en skattahækkunum, en jafnframt

verða stjórnvöld að senda rétt skilaboð til fólks og fyrirtækja og gefa skýr fyrirheit um að lán verði borguð niður jafnt og þétt með auknum hagvexti og sanngjarnri skattheimtu en ekki aðhaldi og sveltistefnu.

Til lengri tíma þarf að vinna á fjárlagahallanum til að ná jafnvægi í þjóðarbúskapnum og fyrirbyggja óhóflega verðbólgu. Ábyrga leiðin felur í sér fjárfestingar sem auka framleiðslugetu og verðmætasköpun og efla opinbera þjónustu. Þegar hagkerfið réttir úr kútnum er lyklatriði að skattkerfinu verði beitt með skynsamlegum hætti til að afla tekna og gripði til ráðstafana til að tryggja að þjóðin fái réttmætan arð af auðlindum sínum. Þá sem fyrr verður jafnaðarstefnan ómissandi leiðarvísir, en til að framfylgja henni þarf hugrekki til að taka slaginn með almenningi á kostnað sérhagsmunaaflla. Um það snúast næstu kosningar til Alþingis, sem fara fram haustið 2021.





**LITRÓF**



**Samfylkingin**